

Gangnaseðill fyrir afrétt Enghlíðinga 2023



Blönduósi 8. ágúst 2023

Fjallskilanevnd Enghlíðinga

**Anna Margrét Jónsdóttir
Þórarinn Bjarki Benediktsson
Þorlákur Sveinsson**

Gangnaseðill 2023

Göngur og réttir verða með svipuðu sniði og í fyrra. Smalað verður út Langadalsfjall að austan á laugardegi, þ.e. sama dag og Geitaskarð og fram Langadalsfjall. Eins og í fyrra verður bæði fé og hrossum smalað á Laxárdal um stóðréttarhelgina. Gangnastjórar geta í samráði við landbúnaðarnefnd fært eftirleitir/seinni göngur á milli daga eða helga eftir því sem kostur er, eftir veðurspám.

Fé úr Geitaskarði og fram-Langadalsfjalli verður rekið til Hvammsréttar í Langadal.

Tröllabotnasafn verður rekið alla leið niður í Skrapatungurétt úr fyrri göngum. Þeir sem fara fram í Tröllabotna munu fara frá Kálfárdal til að stytta leið á göngur.

Fyrri göngur og réttir

Laugardaginn 2. september

- Út Langadalsfjall að austan (réttað í Skrapatungurétt)
- Geitaskarð (Skarðsskarð)
- Fram Langadalsfjall
- Holtastaðafjall ásamt Skarðsbrekkum
- **Hvammsrétt**

(Ekki verður veitingasala í réttarskúr í Skrapatungurétt laugardaginn 2. september)

Sunnudaginn 3. september

- Út Langadalsfjall að vestan

Föstudaginn 8. september

- Laxárdalur að norðan
- Laxárdalur að framan

Laugardaginn 9. september

- Tröllabotnar (rekið alla leið í Skrapatungurétt)
- Rekstur frá Kirkjuskarði

Sunnudaginn 10. september

- **Skrapatungurétt** – réttarstörf hefjast kl. 9:00

Seinni göngur og réttir

Föstudaginn 15. september

- Tröllabotnar

Laugardaginn 16. september

- Laxárdalur – seinni fjárgöngur og stóðsmölun

Sunnudagur 17. september

- Skrapatungurétt – Sundurdráttur á fé hefst kl. 9, Stóðrétt hefst kl. 11.

Gert er ráð fyrir að í öllum göngum á Laxárdal og í Tröllabotnum sé einn gangnamaður á hjóli og eru gangnaforingjar beðnir um að finna aðila til þess. Eru þeir sem fara um á hjólum beðnir um að beita hjólum af varfærni til að forðast gróðurskemmdir.

Gangnastjórar eru minntir á að tilkynna gangnamönnum í tíma hvenær mætt skuli á göngur.

Heimalönd sem ekki eru smöluð sameiginlega helgina 2. - 3. september, ber að smala í síðasta lagi föstudaginn 1. september og skulu landeigendur koma óskilafénaði sem fyrir kemur í landi þeirra til Skrapatunguréttar.

Stefnt er að því að útréttafé verði komið til Skrapatunguréttar síðari hluta sunnudags 10. september.

Það fé sem kemur fyrir á bæjum frá seinni rétt til fjárskila og ekki er sótt af eigendum, er heimilt að setja í náthagahólfíð hjá Skrapatungurétt.

Áriðandi er að mætt sé stundvíslega til réttarstarfa.

Hreppaskil og fleira

Heimalönd og önnur lönd skulu smöluð til fjárskila laugardaginn. 30. september eða sunnudaginn 1. október. Á það einnig við um hross í heimalöndum.

Minnt skal á að öll lönd innan sveitarfélagsins skulu smöluð þessa daga rækilega sem ekki eru smöluð sameiginlega í eftirleitum. Fjárskil verða mánudaginn 2. október kl. 13:00 í Skrapatungurétt og þarf óskilafé að vera komið þangað ekki seinna en kl 15.

Þeir aðilar sem rétta stóð og annan fénað í Skrapatungurétt utan lögboðinna réttardaga eru vinsamlegast beðnir að ganga þannig um að réttin og önnur mannvirki standi eftir óskemmd.

Minnt skal á að allur samanrekstur á afréttarfénaði er með öllu óheimill utan lögboðinna gangnadaga, sé þess þörf ber að hafa fullt samráð við fjallskilastjóra og/eða landbúnaðarnefnd.

Engum er heimilt að eigna sér ómerkinga nema að sanna eignarrétt sinn á þeim.

Fjallskilasjóður greiðir kaffi fyrir gangnamenn í fyrri rétt eins og verið hefur.

Gangnakaup er 16.500 kr. dagsverkið.

Fjallskilaeiningin er 560 kr. og landgjald pr. þús. samkvæmt fasteignamatsskrá 23 kr.

Fjallskil eru lögð á samkvæmt framtali á forðagæsluskýrslu, þ.e.a.s. framtaldar hryssur og unghross.

Framtalin kind telst 1 eining og hvert hross 5 einingar.

Gert í umboði sveitarstjórnar Húnabyggðar

Sölvabakka 8. ágúst 2023

Anna Margrét Jónsdóttir

Niðurröðun í gangnaflokka og önnur fjallskilastörf verða sem hér segir.

Réttarstjórar í Skrapatungurétt

10.09. Gauti Jónsson

17.09 Ragnar Sigtryggsson

Geitaskarð				Holtastaðafjall og Skarðsbrekkur		
	2.sep	23.sep			2.sep	23.sep
Breiðavað	3			Breiðavað	2	
Fagranes	1	3		Fagranes	3	
Bakkakot	2			Skriðuland	1	1
Lækjardalur	1			Fremstagil		1
Skriðuland		3				
Geitaskarð	3			Samtals	6	2
Hvammur		1		Gangnastjóri 1. göngur Bjarki Benediktsson		
Samtals	10	7		Fram Langadalsfjall		
Gangnastjóri 1. göngur Sigurður Ágústsson					2.sep	23.sep
Gangnastjóri 2. göngur Halldór Skagfjörð Jónsson				Skriðuland	2	3
				Hvammur	2	
				Fagranes	1	1
					5	4
				Gangnastjóri Bjartmar Halldórsson		
Út Langadalsfjall austan				Út Langadalsfjall vestan		
	2.sep	15.sep	23.sep		3.sep	23.sep
Sölvabakki	2			Breiðavað	5	4
Neðri-Mýrar	2	3	2	Lækjardalur	1	
Bakkakot			1	Síða	2	
Miðgil			1	Gunnar Auðunsson	1	
Blöndubakki	1			Efri-Mýrar	1	
Hvammur			1	Blöndubakki	1	1
Efri-Mýrar	2	3	1	Sölvabakki		1
Síða	4			Neðri-Mýrar	1	
				Kúskerpi		1
Samtals	11	6	6	Samtals	12	7
Gangnastjóri 1. göngur Sindri Páll Bjarnason				Gangnastjóri Bjarki Benediktsson		
Gangnastjóri 2. göngur Þorlákur Sveinsson						
Gangnastjóri 3. göngur Ragnar H. Sigtryggsson						

	Laxárdalur norðan				Laxárdalur framan			
	8.sep	16.sep			8.sep	16.sep	24.sep	
Breiðavað		2			Breiðavað	2		2
Neðri-Mýrar	1	1			Fagranes	4	1	
Bakkakot	3	2			Sölvabakki	1	3	
Sölvabakki	3	1			Síða	1	2	
Síða	4				Skriðuland		1	
Miðgil		1			Hvammur	1	1	1
Geitaskarð		3						
Samtals	11	10						
Gagnastjóri Ragnar H. Sigtryggsson					Samtals	9	8	3
					Gagnastjóri 1. og 3. göngur Bjarki Benediktsson.			
					Gagnastjóri 2. göngur Anna Margrét Jónsdóttir			

	Tröllabotnar			Rekstur frá Kirkjuskarði	
	9.sep	15.sep	30.sep		
Hilmar Frímansson			1	9.sep	
Breiðavað	3	4		Breiðavað	4
Neðri-Mýrar	1			Hvammur	1
Bakkakot	2	1			
Sölvabakki	4	4	3	Samtals	5
Síða	4	3		Rekstrarstjóri Bjarki Benediktsson	
Miðgil	1				
Hvammur		1			
Blöndubakki	1				
Geitaskarð	1				
Fagranes	2	1			
Breiðavað			1		
Samtals	19	14	5		
Gagnastjóri Sævar Sigurðsson					

	Selnesrétt	Skarðarétt	Skrapat.rétt f. Bólhlíð.	Töfludráttur	
	10.sep	10.sep	11.sep	11.sep	18.sep
Sölvabakki	1			Sölvabakki	1
Hvammur		1	1	Hvammur	1
Samtals	1	1	1	Samtals	1